**232. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 6. maí 2015 kl. 16:00.**
**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Gunnar Bragason, Sigríður Jónsdóttir, Örn Andrésson, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Friðrik Einarsson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Gunnlaugur Júlíusson, Þórey Edda Elísdóttir varamaður, Jón Finnbogason varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**
**Forföll boðuðu: Hafsteinn Pálsson og Lilja Sigurðardóttir varamaður.**

Forseti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð nýja meðlimi framkvæmda- og varastjórnar ÍSÍ velkomna á fund.

1. **72. Íþróttaþing ÍSÍ**

Rætt um nýliðið Íþróttaþing og hvernig til tókst. Rætt um fyrirkomulag þingsins og framkvæmd. Gunnlaugur Júlíusson ræddi fyrirkomulagið, afhenti leiðbeinandi gögn til upplýsingar og ræddi hvað betur mætti fara varðandi stjórnunarhætti.
Örn Andrésson lagði til að við þingsetningu verði látinna Heiðursfélaga ÍSÍ minnst með nafni.

2. **Skipan í embætti, svið og nefndir**

Forseti lagði fram tillögur að skipan í embætti, sviðsráð og nefndir.
Einróma samþykkt að skipan í embætti framkvæmdastjórnar ÍSÍ yrði áfram óbreytt þannig að Helga Steinunn Guðmundsdóttir verður varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri og Sigríður Jónsdóttir ritari.
Eftirfarandi tillögur um skipan í sviðsráð og nefndir voru samþykktar einróma:

**Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ**
Örn Andrésson formaður, Garðar Svansson og Þórey Edda Elísdóttir
**Almenningsíþróttasvið ÍSÍ**
Hafsteinn Pálsson formaður, Gunnlaugur Júlíusson og Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir
**Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ**
Sigríður Jónsdóttir formaður, Ingi Þór Ágústsson og Jón Finnbogason.
**Afrekssjóður ÍSÍ**
Guðmundur Ágúst Ingvarsson formaður. Skipan annarra fulltrúa í Afrekssjóði ÍSÍ frestað til næsta fundar.
**Afrekskvennasjóður Íslandsbanka og ÍSÍ**
Helga H. Magnúsdóttir formaður, Elsa Nielsen og Kristín Rós Hákonardóttir.
**Fjármálaráð ÍSÍ**
Gunnar Bragason formaður, Garðar Svansson og Lilja Sigurðardóttir.
**Heiðursráð ÍSÍ**
Hafsteinn Pálsson formaður, Ari B. Einarsson, Reynir Ragnarsson, Björg S. Blöndal og Engilbert Olgeirsson.
**Alþjóðanefnd ÍSÍ**
Embættismenn stjórnar.

**Vinnuhópur um rannsóknarmiðstöð afreksíþrótta**
Sigríður Jónsdóttir, Gunnar Bragason og Garðar Svansson frá ÍSÍ, Frímann Ari Ferdinandsson frá ÍBR og Klara Bjartmarz frá KSÍ.
**Nefnd um innra skipulag**
Helga Steinunn Guðmundsdóttir. Skipan annarra nefndarmanna frestað til næsta fundar.
**Heilbrigðisráð ÍSÍ**
Ingi þór Ágústsson formaður, Gunnlaugur Júlíusson, Gauti Grétarsson, Hafrún Kristjánsdóttir, Örnólfur Valdimarsson og Fríða Rún Þórðardóttir.
**Lyfjaráð ÍSÍ**
Skúli Skúlason, Halldór Halldórsson og Reynir Björnsson.
**Lyfjaeftirlitsnefnd**
Áslaug Sigurjónsdóttir formaður, Davíð Rúrik Ólafsson og Óskar Þór Ármannsson.
**Laganefnd ÍSÍ**
Snorri Olsen formaður, Arnfríður Einarsdóttir og Guðmundur Pétursson.
**Verkefnasjóður ÍSÍ**
Forseti, varaforseti og gjaldkeri.
**Tölvunefnd ÍSÍ**
Örn Andrésson og Garðar Svansson.
**Nefnd um íþróttir 60+**
Hermann Sigtryggsson formaður. Skipan annarra nefndarmanna frestað til næsta fundar.
**Kvennahlaupsnefnd**
Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir formaður, Anna Möller og Gígja Gunnarsdóttir.
**Upplýsinga- og fjölmiðlanefnd ÍSÍ**
Frestað til næsta fundar.
**Vinnuhópur um skattamálefni**
Frestað til næsta fundar.
**Milliþinganefnd um samskiptamál**
Snorri Olsen, Gunnar Bragason og Sigríður Jónsdóttir. Tillögur frá sérsamböndum: Guðfinna Ármannsdóttir, Hannes S. Jónsson og Hörður Oddfríðarson. Garðar Svansson mun kalla eftir þremur fulltrúum frá íþróttahéruðum.
**Vetraríþróttamiðstöð Íslands.**
Frestað.

**3. Ólympísk málefni**
Garðar Svansson fór yfir það helsta varðandi þau ólympísku verkefni sem framundan eru.
Evrópuleikar
Fyrir fundinum liggur erindi frá Afreks- og Ólympíusviði ÍSÍ um uppfærðan lista yfir keppendur á leikunum. Með viðbótum er listinn svohljóðandi:

| | | |
|---|---|---|
| Skotíþróttasamband Íslands | Ásgeir Sigurgeirsson | Loftskambyssa og frjáls skambyssa |
| Skotíþróttasamband Íslands | Hákon Þór Svavarsson | Skeet karla |
| Badmintonsamband Íslands | Kári Gunnarsson | Einliðaleikur karla |
| Badmintonsamband Íslands | Sara Högnadóttir | Einliðaleikur kvenna |
| Júdósamband Íslands | Sveinbjörn Jun Iura | -81 kg. karla |
| Júdósamband Íslands | Þormóður Árni Jónsson | -100 kg. karla |
| Skylmingasamband Íslands | Þorbjörg Ágústsdóttir | Höggsverð kvenna |
| Bogfiminefnd ÍSÍ | Sigurjón Atli Sigurðsson | Sveigbogi |
| Fimleikasamband Íslands | Dominiqua Belanui | Áhaldafimleikar kvenna |

| | | |
|---|---|---|
| Fimleikasamband Íslands | Thelma Hermannsdóttir | Áhaldafimleikar kvenna |
| Fimleikasamband Íslands | Norma Róbertsdóttir | Áhaldafimleikar kvenna |
| Fimleikasamband Íslands | Valgarð Reinhardsson | Áhaldafimleikar kvenna |
| Karatesamband Íslands | Telma Frímannsdóttir | Kumite -68 kg. Kvenna |
| Sundsamband Íslands | Bryndís Bolladóttir | 100m skriðsund stúlkna, 50m flugsund stúlkna, 50m skriðsund stúlkna |
| Sundsamband Íslands | Sunneva Friðriksdóttir | 100m skriðsund stúlkna, 200m skriðsund stúlkna, 400m skrið-sund stúlkna, 800m skriðsund stúlkna |
| Sundsamband Íslands | Harpa Ingþórsdóttir | 1.500m skriðsund stúlkna, 800m skriðsund stúlkna |
| Sundsamband Íslands | Eydís Kolbeinsdóttir | 1.500m skriðsund stúlkna, 200m fjórsund stúlkna, 400m skriðsund stúlkna |
| Sundsamband Íslands | Bragi Snær Hallsson | 100m baksund pilta, 200m baksund pilta, 50m baksund pilta |
| Taekwondosamband Íslands | Meisam Rafiei | -58kg. karla |

Þá hafa sérsamböndin tilnefnt flokksstjóra og þjálfara með keppendum. Þeir eru:

| | | |
|---|---|---|
| Badmintonsamband Íslands | Árni Þór Hallgrímsson | Flokksstjóri/þjálfari |
| Skotíþróttasamband Íslands | Halldór Axelsson | Flokksstjóri/þjálfari |
| Júdósamband Íslands | Axel Ingi Jónsson | Flokksstjóri/þjálfari |
| Skylmingasamband Íslands | Mihail Alexandru Bela | Flokksstjóri/þjálfari |
| Bogfiminefnd ÍSÍ | Carsten Tarnov | Flokksstjóri/þjálfari |
| Karatesamband Íslands | Gunnlaugur Sigurðsson | Flokksstjóri/þjálfari |
| Taekwondosamband Íslands | Tomas Santiago Rodriguez Seguro | Flokksstjóri/þjálfari |
| Sundsamband Íslands | Unnur Sædís Jónsdóttir | Flokksstjóri/sjúkraþjálfari |
| Sundsamband Íslands | Jacky Pellerin | Þjálfari |
| Fimleikasambands Íslands | Sólveig Jónsdóttir | Flokksstjóri |
| Fimleikasamband Íslands | Róbert Kristmannsson | Þjálfari |
| Fimleikasambands Íslands | Vladimir Antonov | Þjálfari |

Þau Björn Magnús Tómasson og Hlín Bjarnadóttir fimleikadómarar munu starfa á leikunum á vegum Evrópska fimleikasambandsins. Hlín mun einnig verða hópnum til aðstoðar við sjúkraþjálfun á meðan á dvöl hennar stendur í Bakú.
Fararstjórn verður í höndum Andra Stefánssonar og Örvars Ólafssonar, starfsmanns sviðsins.

*EYOF í Tblisi*
Verður í júlí næstkomandi, á sama tíma og Special Olympics í Los Angeles.

**4. Smáþjóðaleikar 2015**
Helga Steinunn Guðmundsdóttir fór yfir stöðu undirbúnings fyrir leikana. Rætt um yfirvofandi verkföll í þjóðfélaginu og hugsanleg áhrif á leikana.

Undirbúningur á lokametrum.
Gunnar Bragason ræddi fjárhagsáætlun og fjárhagsramma leikanna.

**5. Ólympískir hnefaleikar**
Samþykkt að stefna að stofnun sérsambands um ólympíska hnefaleika í byrjun september nk.

**6. Pílukast**
Samþykkt að staðfesta ekki pílukast sem íþrótt innan ÍSÍ að sinni. Íþróttin er ekki staðfest af Alþjóðaólympíunefndinni (IOC), samkvæmt staðfestingu þar að lútandi frá nefndinni.

**7. Heiðranir**
Engar tillögur lágu fyrir.

**8. Fundargerðir**
Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar.

- 231. fundur framkvæmdastjórnar

**9. Viðburðir framundan**
Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

**10. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**
Næsti fundur stjórnar verður 28. maí 2015 kl. 16:00.

**11. Önnur mál**
Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari